

# VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



## Sjálfsmatsskýrsla

---

Skólaárið 2014-2015

**Haust 2015**

## **Gildin sem Verzlunarskóli Íslands starfar eftir eru:**

### **Hæfni**

Við viljum kunna okkar fag og sýna alúð og metnað í starfi. Búa yfir færni til miðlunar og samskipta og hafa frumkvæði að því að tileinka okkur nýjungar.

### **Ábyrgð**

Sinna starfi okkar og námi af heilindum og trúmennsku. Gætum að orðspori skólans og þeirra sem þar starfa með því að vera góðir málsvarar og fyrirmynd.

### **Virðing**

Sýnum hvert öðru skilning og virðum ólík viðhorf og skoðanir. Verum umburðarlynd og ástundum stundvísi og áreiðanleika.

### **Vellíðan**

Við viljum leggja grunn að jákvæðu andrúmslofti og gagnkvæmu trausti þar sem vel er búið að starfsfólki og nemendum.

## Skýrsla um innra mat við Verzlunarskóla Íslands 2014 - 2015

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Menntamálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Haustið 2002 var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum Verzlunarskóla Íslands og var niðurstaðan sú að skólinn þyrfti að taka aðferðir sínar við sjálfsmat til athugunar. Í því skyni var vinnuhópur kennara skipaður til að vinna með gæðastjóra að þessu verkefni. Gæðahópurinn skilaði sjálfsmati til menntamálaráðuneytisins vorið 2004 og haustið 2005. Í mars 2007 var í annað sinn gerð úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum við Verzlunarskóla Íslands. Að fengnum gögnum sem skólinn skilaði inn um sjálfsmat við skólann 2004 – 2007 og eftir fund með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, áfangastjóra og gæðastjóra, var niðurstaða ráðuneytisins í september 2007 sú að skólinn uppfyllti „viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.“

Vorið 2014 var gerð úttekt á skólanum að beiðni menntamálaráðuneytis. Skýrslan er aðgengileg á vef ráðuneytisins. Í henni eru farið kyrfílega yfir starfsemi skólans og dregir fram styrkleikar og veikleikar hans. Jafnframt er bent á ýmislegt sem leggja mætti áherslu á til frekari umbóta fyrir skólann í heild. Framkvæmdaáætlun næstu ára mun taka mið af niðurstöðum skýrslunnar.

Í febrúar lagði gæðateymi skólans könnun fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Markmið könnunarinnar var að kalla eftir upplýsingum sem nýta mætti sem grunn við heildarendurskoðun á gæðakerfi skólans. Niðurstöður verða nýttar til umbóta og þróunarstarfs næstu misserin.

Sjálfsmat fyrir skólaárið byggir á markmiðum skólans. Sjálfsmatið byggir á þessum markmiðum nú en áfram skal unnið að setningu markmiða og mælanleika þeirra. Einnig er lögð áhersla á að hafa vinnu í skólanum úrbótamiðaða. Í þeirri viðleitni hafa stjórnendur unnið eftir áætlun sinni „Markmið og leiðir“ sem sjá má í viðauka 3. Meðfylgjandi er einnig áætlun „Markmið og leiðir“ fyrir skólaárið 2015 – 2016, viðauki 5.

### Viðhorfskönnun á meðal nemenda

Ár hvert er framkvæmd könnun á meðal nemenda skólans. Tilgangurinn er að kanna hvernig til hafi tekist í skólastarfinu um veturinn með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Frá vori 2006 voru gerðar kannanir sem ýmist voru almennar eða þar sem athugaðar voru einstakar greinar eða báðum aðferðum fléttað saman. Á vorönn 2008 var hins vegar gerð ein almenn könnun og aftur á haustönn sama ár en nauðsynlegt var að framkvæma slíka könnun á önninni þar sem venjuleg vorkönnun nær ekki lengur yfir áfanga að hausti, eftir að áfangaskipulagið var að fullu gengið í gegn í skólanum. Fyrirkomulagið hefur síðan verið það sama, þ.e. að gera kannanir til skiptis að vori og hausti sama almanaksár.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir nemendur í könnuninni haustönn 2014:

### Spurningar með vægi 1 - 5

1. Hversu mikilvægur er áfanginn að þínu mati?
2. Hversu góð/léleg eru námsgögnin sem notuð eru í áfanganum?
3. Hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ert þú með kennsluna í áfanganum?
4. Er vinna í áfanganum of lítil eða of mikil að þínu mati miðað við einingafjölda hans?
5. Hversu mikið/lítið finnst þér þú leggja þig fram í þessum áfanga?
6. Hversu mikið/lítið finnst þér þú læra í kennslustundum í þessum áfanga?
7. Finnst þér agi í kennslustundum mikill/lítill í þessum áfanga?
8. Finnst þér yfirferð of hröð eða of hæg í þessum áfanga?
9. Hversu vel/illa finnst þér kennari í þessum áfanga útskýra námsefnið?
10. Hversu góð/slæm þykja þér samskipti milli þín og kennarans í þessum áfanga?
11. Er eitthvað sérstakt sem þú vilt koma á framfæri varðandi þennan áfanga eða kennsluna í honum?

Að þessu sinni var fullyrðingum varðandi aðra þætti skólastarfsins einnig beint til nemenda. Fullyrðingarnar voru flokkaðar eftir árgöngum.

Allir sem tóku þátt í könnuninni tóku afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga:

1. Ef þú vinnur með skólanum, þá hve margar klst. á viku?
2. Ég tek þátt í viðburðum vegna Heilsueflandi framhaldsskóla
3. Ég verð vör/var við að skólinn minn er Heilsueflandi framhaldsskóli
4. (Aðeins fyrir 6. bekk) Þegar ég horfi til baka finnst mér mestar kröfur hafa verið gerðar til mín í:

Nemendur voru síðan spurðir út í jafnrétti og líðan í tengslum við kynhneigð og kynferði:

5. Kynhneigð:
6. Ég tel að skólinn (VÍ) mismuni engum á grundvelli kynhneigðar:
7. Ég tel að skólinn (VÍ) mismuni engum á grundvelli kyns:
8. Ég tel að stelpur og strákar hafi jafna möguleika til að taka þátt í félagslífinu:
9. Ég tel að stelpur megi vera karlmannlegar:
10. Ég tel að strákar megi vera kvenlegir:
11. Ég myndi gjarnan vilja fá fræðslu um jafnréttismál og um málefni hinsegin fólks
12. (samkynhneigða, tvíkynhneigða og transfólk):
13. Ég er ánægð/ánægður með kynfræðslu sem boðið er upp á í skólanum:
14. Ég tel mig vera jafnréttissinna:
15. Ég tel mig vera feminista:
16. Ég tel mig vera öruggan / örugga innan veggja skólans:
17. Hversu oft hefur þú heyrt einhvern segja eitthvað neikvætt um hinsegin fólk
18. Hversu oft hefur þú heyrt einhvern segja eitthvað neikvætt um konur eða stelpur (t.d. kerling, tussa, mella, hóra eða bitch)?

Könnunin fór fram 10. til 12. nóvember 2014.

## Markmið: Nemendum líður vel í skólanum

Hagsmunaráð er starfandi innan nemendafélags skólans. Nemendur funda með skólastjóra þegar þeim þykir þurfa. Skólaráð hefur ekki verið virkt í skólanum í langan tíma. Búið er að endurvekja það, en þeir sem sitja í ráðinu eru auk skólastjóra; yfirkennari, deildarstjóri nemendapjónustu, áfangastjóri, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda. Það var þó ekki virkt á skólaárinu.

Farvegur fyrir athugasemdir nemenda er greiður í gegnum umsjónarkennara og námsráðgjafa sem eru talsmenn nemenda. Starfi námsráðgjafa er þannig háttað að þeir einbeita sér hver að ákveðnum árgöngum sem ætti að gefa þeim betri heildarmynd af stöðu mála í hverjum árgangi fyrir sig. Einnig er starfandi hagsmunaráð nemenda sem er tengiliður milli nemenda og skólastjórnenda.

Fundir voru haldnir á sal þar sem nemendur gátu komið fyrirspurnum til stjórnenda skólans. Voru fundirnir bæði á haustönn og vorönn.

Líkt og undanfarin ár sinntu ákveðnir kennarar sérstaklega þeim hópi nemenda sem þurfa aðstoð við nám sitt vegna lesblindu eða vegna þess að vald þeirra á íslensku gerir þeim erfiðara fyrir í námi. Nemendur hittu sinn leiðbeinanda eins oft og viðkomandi hafði þörf fyrir.

Í kjölfar efnahagskreppunnar og í viðleitni til að bæta heilsu og líðan nemenda bauð skólinn nemendum hafragraut og lýsi í frímínútum fyrir hádegi fjóra daga í viku. Mæltist þetta mjög vel fyrir og grauturinn var mjög vinsæll hjá nemendum.

Eins og verið hefur lagði skólinn mikla áherslu á forvarnir gegn tóbaksnotkun og vímuefnanotkun. Það var gert með sama hætti og áður. Öflugt eftirlit er innan veggja skólans og á lóð hans. Á dansleikjum blésu fyrsta árs nemendur í áfengismæli ásamt því sem öllum nemendum bauðst að blása gegn því að komast í happdrættispott ef engin vímuefni fundust við mælingu. Þátttaka nemenda í happdrættinu var góð.

Maritafræðslan var fengin á sal til þess að ræða fræða nemendur um skaðsemi fíkniefna að ósk nemenda sjálfra. Einnig fengu nemendur fyrirlestur kynfræðings um kynheilbrigði. Báðir viðburðirnir voru í tengslum við lífstíllshluta Heilsueflandi framhaldsskóla.

Skólapúlsinn var lagður fyrir í annað sinn. Í niðurstöðunum kemur fram að 80% nemenda líður vel eða mjög vel í skólanum, sem er nokkuð hærra en í sambærilegum skólum sem tóku þátt. Í flestum tilvikum kom skólinn mjög vel út en ákveðið var að vinna að niðurstöðum sem tengjast leiðsögn kennara og stuðningur þeirra við nemenda.

Markmiðið með þátttöku í Skólapúlsinum er að kanna hvar skólinn getur bætt sig varðandi líðan nemenda. Matsspurningarnar eru margar en flokkarnir eru:

### 1. Námsumhverfi

1.1. Viðhorf og hollusta gagnavart skólanum

1.2. Samsömun við nemendahópinn

- 1.3. Stuðningur kennar avið nemendur
- 1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 1.5. Tíðni eiðsangarmats (endurgjöf til nemenda)
- 1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)

## 2. Virkni í námi

- 2.1. Námsáhugi
- 2.2. Námsstækni
- 2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma
- 2.4. Fjarvera: Skróp í tíma
- 2.5. Fjaveru á leyfis heilan dag
- 2.6. Ástæður fjarveru

## 3. Líðan

- 3.1. Vellíðan
- 3.2. Hamingja
- 3.3. Sjálfsálit
- 3.4. Stjórn á eigin lífi
- 3.5. Þunglyndi
- 3.6. Kvíði
- 3.7. Svenfleysi
- 3.8. Ástæður svefnleysis
- 3.9. Einelti
- 3.10. Áreitni og ofbeldi

## 4. Opin svör

- 4.1. Kennslumat
- 4.2. Mat á líðan
- 4.3. Lýstu hvað þér þykir gott við skólann þinn
- 4.4. Lýstu hvað þér þykir slæmt við skólann þinn

## **Stefna stjórnar skólans sé sýnileg og endurspeglit í starfi skólans**

Fundir yfirkennara með deildarstjórum voru haldnir reglulega. Fundargerðir voru skráðar og sendar deildarstjórum.

Eftir að niðurstöður nemendakönnunar voru ljósar áttu skólastjórnendur samtalið við alla kennara skólans. Á fundunum var farið yfir niðurstöður könnunarinnar ásamt því að taka á þeim þáttum sem kennari kom með á fundinn eða skólastjórnendur vildu ræða við viðkomandi.

Ekki voru gerðar kannanir meðal starfsmanna á þessu skólaári. Það var gerð könnun fyrir tveimur árum og ekki ástæða til þess að endurtaka slíka könnun strax.

Office 365 kerfið var tekið í notkun haustið 2013. Nemendur fá með því aðgang að Office pakkanum sem gerir þeim kleift að hlaða honum niður á sínar tölvur, bæði fartölvur, spjaldtölvur og borðtölvur heima fyrir. Einnig er hægt að vista og deila skjölum á því.

Vefrit skólans til forráðamanna var sent út reglulega yfir skólaárið. Forráðamenn nemenda hafa lýst yfir ánægju sinni með það.

Miðannarmat var framkvæmt bæði á haustönn og vorönn. Markmiðið var að nemendur fengju mynd af því hvaða sýn kennarar þeirra hefðu á stöðu þeirra í náminu. Foreldrar ólögráða nemenda fengu einnig rafrænan aðgang að niðurstöðum matsins. Niðurstöður voru kynntar lauslega á starfsmannafundi. Síðan ræddu umsjónarkennarar við þá nemendur sem komu illa út. Einnig kölluðu námsráðgjafar á þá nemendur sem ekki komu vel út úr matinu. Rætt var við nemendur um námslega stöðu þeirra og þeir studdir í því að ná tókum á vinnu sinni. Áfram verður haldið með miðannarmat, á báðum önnum.

Foreldrafundir voru haldnir samkvæmt venju. Með forráðamönnum fyrsta árs nema í byrjun haustannar. Þar er skólinn kynntur og forráðamenn fá tækifæri til að hitta umsjónarkennara og aðra foreldra í bekk barna sinna. Á vorönn voru haldnir foreldrafundir fyrir forráðamenn fyrsta og annars árs nemenda. Fyrir þá fundi gefa allir kennarar umsjónarkennurum umsagnir um nemendur. Að þessu sinni voru það umsjónarkennarar haustannar sem hittu foreldra eða forráðamenn þar sem í sumum tilvikum hafði verið skipt um umsjónarkennara við annarskipti og hefur þeim sem taka við í janúar þótt tíminn fram að foreldrafundi fullstuttur til þess að kynnst nemendum og gera sér nógu vel grein fyrir námslegri stöðu þeirra til þess að geta rætt við forráðamenn. Foreldrar hafa tækifæri til þess að koma, hitta umsjónarkennara og fá mynd af stöðu síns barns á þessum fundum. Til viðtals eru einnig námsráðgjafar, deildarstjórar og skólastjórnendur.

Jafnréttisáætlun var samþykkt á starfsmannafundi í apríl 2010 og einnig í skólanefnd. Hún var endurskoðuð og samþykkt í breyttri mynd á kennarafundi haustið 2014.

Nemendafélag skólans setti sér einnig jafnréttisáætlun og setti í lög sín.

## Próf

Framkvæmd prófa var líkt og kveðið er á um í tillögum sem prófanefndar. Prófstjóri birti lista með prófum og tilteknum skiladagsetningum fyrir hvert próf, sem þá var síðasti skiladagur aðalprófs og sjúkraprófs. Skil á prófum til ritara voru ágæt en ekki virða allir þó skilafrestinn sem gefinn er upp við upphaf prófa. Prófstjóri skráði einnig tilvik sem komu upp í framkvæmd prófanna, t.d. yfirsetu, og sendi upplýsingar um hvernig gengi á alla starfsmenn eftir hvern prófdag.

Deildir funda sérstaklega um prófin og greina niðurstöður þeirra. Ekki er kallað eftir formlegri samantekt frá deildum.

## Brottfall

Fylgst er með brottfalli nemenda og er yfirlit að finna í viðauka 1. Brottfall er það lítið að ekki hefur þótt ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana.

## Nám

Verzlunarskólinn bauð nýja námsbraut vorið 2011, og var hún einnig í boði fyrir skólaárið 2014 – 2015, Verslunar- og frumkvöðlabraut. Markmiðið var að skólinn höfðaði til breiðari hóps nemenda. Umsóknir á brautina voru örfáar og því varð ekkert af því að kennsla hæfist á henni haustið 2014.

Unnið var að krafti að innleiðingu nýrra laga veturinn 2014-2015. Vinnuhópar sem stofnaðir voru skiluðu af sér niðurstöðum sem mynduðu kjarnann í nýjum námsbrautum. Niðurstaðan var að skólinn býður upp á fjórar námsbrautir frá og með haustinu 2015. Þar af er ein braut sem er ný og fellur að markmiðum skólans að bjóða upp á nám sem höfðar til breiðari hóps nemenda. Brautin er nýsköpunar- og listabraut. Aðrar brautir eru alþjóðabraut, viðskiptabraut og náttúrufræðibraut. Brautirnar fengust samþykktar af mennta- og menningamálaráðuneyti í apríl 2015.

Skólinn starfrækir mjög öflugt fjarnám. Eitt af vandamálum fjarnámsins hefur verið hátt brottfall, en mæting í próf hefur gjarnan verið innan við 70%. Hins vegar hefur tekist að snúa þróuninni við að hluta og árið 2013 (haust-, vor- og sumarönn 2013) var mæting í próf um 70%. Það skýrist meðal annars af því að færri nemendur eru teknir inn í fjarnámið og hver þeirra fær að taka færri einingar á önn. En skýringa gæti einnig verið að leita í betri kunnáttu bæði kennara og nemenda á kennsluferfið og betri tölvukosti.

## Kennsla

Áhersla er lögð á að kennarar skólans hafi kennsluréttindi og eru nú allir kennarar með kennsluréttindi.

Gæði kennslunnar eru árlega metin með nemendakönnunum. Þær fara fram tvisvar sinnum á ári, á báðum önnum sama almanaksárs.

## Innritun

Markmiðið er að fá fjölbreyttan hóp nemenda hvaðanæva af landinu þar sem búseta hefur ekki áhrif á afgreiðslu umsóknar. Skilyrðið er að nemendur ráði við það nám sem er í boði. Á vori hverju eru kynntar þær innritunarreglur sem gilda hverju sinni. Skólanum bást mun fleiri umsóknir en hægt var að taka við. Umsóknir voru almennt mjög góðar og frá mörgum mismunandi grunnskólum, sbr. viðauka 2.

## Stefnumótun

Til að gera góðan skóla enn betri og horfa til framtíðar var á síðasta ári farið í stefnumótunavinnu þar sem spurt var: Hvert viljum við stefna og hvernig gerum við góðan skóla enn betri? Með þetta í farteskinu fór skólanefnd ásamt 12 starfsmönnum í stefnumótunavinnu. Megin niðurstaðan var að fjórir lykilþættir skiptu máli varðandi þróun næstu árin:

- Rýmið, aðstaðan og tæknin.



- Kennsluaðferðirnar.
- Félagsleg virkni og ábyrgðarkennd nemenda.
- Samhangandi og heildstætt þroskaferli.

Eins og gefur að skilja eru sumir þættir þess eðlis að auðvelt er að hrinda þeim í framkvæmd á meðan aðrir eru erfiðari og þurfa lengri tíma. Skóli sem stofnun er „svifaseinn“ og tekur tíma að breyta mörgum hlutum. Hins vegar er það ljóst að kennarar jafnt sem nemendur kalla eftir breytingum, t.a.m. í kennsluaðferðum, námsmati og fleira. Unnið verður áfram að útfærslum á hugmyndum.

Þessir fjórir lykilþættir hafa verið leiðarljósið í öllu þróunarstarfi innan skólans.

**Rýmið, aðstaðan:** Til þess að bæta aðstöðu raungreinakennara var ákveðið að taka eina kennslustofu undir vinnuherbergi sem rúmaði alla raungreinakennarana. Almenn ánægja er meðal kennarana með þá aðstöðu sem þeir hafa nú.

**Kennsluaðferðir:** Mikil áhersla var lögð á að í nýju 3 ára kerfi væri fjölbreytilegar kennsluaðferðir og námsmat. Fengnir voru fyrirlesarar frá HR og öðrum framhaldsskólum til þess að fjalla um kennsluaðferðir og námsmat.

**Félagsleg virkni og ábyrgðarkennd nemenda:** Nemendur settu sér jafnrættisáætlun þar sem skýrt er kveðið á um jöfn tækifæri allra til þátttöku og ábyrgðar í nemendasamfélaginu.

Í janúar 2014 var lögð fyrir könnun meðal allra í skólanum, nemenda, kennara og starfsmanna. Meginmarkmiðið var að leggja mat á aðstöðu starfsfólks og nemenda. Einnig voru nemendur á 1. og 2. ári spurðir út í notkun á tölvu í tímum þar sem þeir fengu sérstaka tilkynningu um að æskilegt væri að þeir hefðu aðganga að fartölvu og kæmu með í skólann. Kennarar voru einnig spurðir út í innleiðingarferli 3. ára námsins, kennsluaðferðir og tölvunotkun nemenda. Aðrir starfsmenn voru eingöngu spurðir út í aðstöðuna. Sjá viðauka 4.

**Verzlunarskóli Íslands Framtíðarþing**

**Nám og námsinnihald**

- ⊖ Kerfisbreyting
  - Bekkjarkerfi/áfangakerfi
  - Lotukerfi
  - Opna fyrir fjámamið
- ⊖ Námsgreinar
  - út með "óþarfa" áfanga
  - fjármálalæsi
  - stjómkerfi/stjómámal
  - heimspeki/siðfræði/kynjafræði
  - inn með nýja áfanga
  - fleiri valáfanga
- ⊖ Námsmat
  - auka símat
  - kennsla of prófamiðuð - samræma prófagerð
  - auka verkefnavinnu
  - íþróttir
  - draga úr mætingaskyldu
- ⊖ Ábyrgð og þátttaka nemenda
  - meiri hópavinnu
  - auka sjálfstæði nemenda
- ⊖ Námsgögn
  - tæknivæða kennsluna
  - rafbækur

**Aðstaða og búnaður**

- ⊖ stofur - húsgögn
  - snagar
  - klukkur
  - stólar
  - borð
  - létt húsgögn á gangana
- ⊖ matbúð
  - hópvinnuherbergi
  - vatnsvélar
  - lækka verð á mat
  - auka úrval
  - hafraugraut á föstudögum
- loftþræsting

**Þjónusta og stuðningur**

- meiri samvinnu neðal starfsmanna
- rafbókavæða safnið
- "virkja" námsráðgjafa betur
- laga þráðlausa netið

**Skólaeignur**

- fáar og skýrar reglur sem allir fara eftir
- hætta með áfengismæla og skipta sér að áfengisneyslu nemenda á skólaböllum
- ⊖ mætingakerfið
  - engin frádrátt vegna veikinda
  - nemendur fái mætingu þegar kennari er veikur
  - frjáls mæting í 6. bekk

**Félagslif**

- ⊖ skipulagning
  - fleiri atburði í Ofanleiti 1
  - fleiri ferðir á vegum NFVÍ
  - endurhugsa busunina
- ⊖ böll
  - fri fyrsta tíma eftir ball
  - hafa böll á fimmtudögum
- ⊖ stjórn NFVÍ
  - minnka klikkuskap
  - gefa fleirum tækifæri
  - meira upplýsingaflæði frá stjórn
- samvinna skólastjórnenda og nemenda

**Skólabragur**

- ⊖ samskipti/samvinna
  - meiri virðingu milli nemenda og kennara
  - minnka forræðishyggju
- auka aga jafnt meðal nemenda sem kennara
- taka inn breiðari nemendahóp

**Tækifæri og annað**

- ⊖ betri tengingu við atvinnulífið
- nýta tæknina betur - vera fremst allra

## Niðurlag

Nýr gæðastjóri tók til starfa í ágúst 2014. Fyrsta verk hans var að setja á stofn matsteymi sem vann að endurskoðun á innra mati skólans. Hópurinn horfði til þeirra umbóta sem mæt var með í úttekt á starfsemi skólans sem ráðgjafarfyritækið Attentus vann fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Niðurstaða var að gera nákvæmari könnun á ýmsum þáttum sem snúa beint að líðan og aðstöðu nemenda og starfsfólks. Niðurstöðurnar verða lagðar til grundvallar í umbótavinnu næstu ára.

Sjálfsmatsteymi ákvað að skoða sérstaklega aðstöðu innan skólans í ár. Viðamikil könnun var lögð fyrir alla sem í skólanum starfa þar sem þeir voru spurðir út í þá aðstöðu sem skólinn býður upp á. Jafnframt voru kennarar spurðir út í vinnu við skipulagningu þriggja ára námsins sem skólinn starfar eftir frá og með hausti 2015. Unnið verður áfram með niðurstöðurnar 2015-2016.

Gæðastjóri skólans lét af störfum í mars 2015. Vegna manneklu var ekki ráðið stöðu gæðastjóra fyrr en í október 2015 og hafði það áhrif á frekari úrvinnslu og eftirfylgni þeirra umsbótastarfa sem stefnt var að. Auk þess fór mikil vinna í innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga og var samning nýrrar skólanámskrár sett í forgang. Verk – og framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2015 - 2015 er í viðauka 5.

## Viðauki 1

Í töflunni hér að neðan eru upplýsingar um brottfall o.fl. meðal nemenda skólaárið 2014 – 2015. Það eru ekki margir sem falla út úr skóla, hvorki um jólin né á vorin. Í þessum tölum eru nokkrir nemendur sem hætta í dagskóla af einhverjum ástæðum og ljúka önninni/árinu í fjarnámi VÍ. Flestir þeirra sem gengur illa með námi í Verzlunarskólanum fara í annan skóla án þess að taka sér námshlé.

Skólaár 2014-2015	Fjöldi í upphafi skólaárs	fall jól	%	þreyttu próf vor 2015	fall vor	%	% heildarfall	Hættir og fallnir nemendur umfram þá sem komu nýir inn í skólann 2014-2015	
3. bekkur	340	1	0,3%	343	13	3,8%	4,1%	-11	(þ.e. 14 fall og 3 fleiri inn).
4. bekkur	302	1	0,3%	290	11	3,8%	4,1%	0	
5. bekkur	318	3	0,9%	314	14	4,5%	5,4%	21	
6. bekkur	301	2	0,7%	295	8	2,7%	3,4%	16	
Samtals	1261	7	0,6%	1242	46	3,70%	4,3%	26	
	1261			1242					

Útskriftir:	Stúdent	Dagskóli	Fjarnám	Verslunarpróf	Dagsk.	Fjarn.
17.sep.14				57	57	
19.des.14	4		4			
20.maí.15				219	216	3
23.maí.15	295	287	8			
1.jún.15	1		1			
28.ágú.15	5		5			

## Innritun vor 2015

- 695 umsóknir
  - 555 sem val 1
  - 140 sem val 2.
- Tekið inn á brautir
  - alþjóðabraut 1 bekkur
  - nýsköpunar- og listabraut 1 bekkur
  - náttúrufræðibraut 5 bekkir
  - viðskiptabraut 3 bekkir.


## „Verzlóeinkunn“

- Meðaleinkunn fjögurra greina, þ.e. íslenska og stærðfræði, sem hafa tvöfalt vægi, og síðan tvær hæstu af dönsku (eða öðru norðurlandamál), ensku, náttúrufræði og samfélagsfræði.

## Einkunnir umsækjenda

- Val 1, 322 með einkunn 9,0 eða hærra.
- Meðaleinkunn umsækjenda var 9,0.
- Meðaleinkunn þeirra sem voru teknir inn var 9,4.
- Af þeim nemendum sem var hafnað voru rúmlega 60 með einkunn 9,0 og hærra.

## Lok forinnritunar 2015





## Kynjahlutfall og brautarval

	kk	kvk	alls	kk	kvk
Alþ	7	21	28	25,0%	75,0%
Nýs	6	22	28	21,4%	78,6%
Nát	51	89	140	36,4%	63,6%
Við	27	57	84	32,1%	67,9%
Samtals	91	189	280	32,5%	67,5%



Viðauki 3



## **Markmið og leiðir – VÍ Innra mat**

---

Skólaárið 2014 – 2015

## **Gildin sem Verzlunarskóli Íslands starfar eftir eru:**

### **Hæfni**

Við viljum kunna okkar fag og sýna alúð og metnað í starfi. Búa yfir færni til miðlunar og samskipta og hafa frumkvæði að því að tileinka okkur nýjungar.

### **Ábyrgð**

Sinna starfi okkar og námi af heilindum og trúmennsku. Gætum að orðspori skólans og þeirra sem þar starfa með því að vera góðir málsvarar og fyrirmynd.

### **Virðing**

Sýnum hvert öðru skilning og virðum ólík viðhorf og skoðanir. Verum umburðarlynd og ástundum stundvísi og áreiðanleika.

### **Vellíðan**

Við viljum leggja grunn að jákvæðu andrúmslofti og gagnkvæmu trausti þar sem vel er búið að starfsfólki og nemendum.

## **Framtíðarsýn Verzlunarskólans**

Vorið 2012 var hafin vinna að stefnumótun Verzlunarskólans fyrir framtíðina. Stjórn skólans vann að framtíðarsýn skólans og lagði drög að vinnu í þeim tilgangi að efla skólann enn frekar. Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar á næstu árum, bæði í kennsluháttum og tækni. Megin niðurstöður þessarar stefnumótunarvinnu voru að búa þarf skólanum frjótt umhverfi til þess að þróast og að hafa gott samráð við starfsfólk og nemendur skólans.

Til þess að vinna að þessu markmiði var haldið Skólalæping VÍ með þjóðfundarsniði. Þar settust nemendur og starfsfólk saman og ræddu um framtíðarhorfur skólans.

Fyrir liggur vinna úr þeim gögnum sem fengust af þinginu. Markmið skólans taka mið af þeirri vinnu.

## Nám

**Unnið er að því að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár. Nemendur munu ljúka stúdentsprófi á þremur árum.**

**Fyrstu nemendur í nýju námsfyrirkomulagi verði innritaðir vorið 2015.**

Leiðir:

- Verkefnisstjóri leiðir faglegt starf. **Starfsmaður í hálfu starfi og annar í 1/3 leiddu verkefnið**
- Unnið er samkvæmt tímaplani um framvindu og lok verksins. **Gert**
- Námsframboð er í endurskoðun og því lokið í lok árs 2014. **Gert**
- Starfshópar vinna að gerð:
  - o lokamarkmiða. **Gert**
  - o námsbrautarlýsinga. **Gert**
- Áfangalýsingar endurskoðaðar miðað við nýtt skipulag á haustönn 2014. **Gert**

Ábyrgð: Skólastjóri og yfirkennari

**Innleiðingu nýrra laga verði lokið vor 2015 og starfað samkvæmt þeim haustið 2015.**

Leiðir:

- Kennarar skólans rita áfangalýsingar. **Gert**
- Kennarar VÍ hvattir til þess að taka þátt í námskrárvinnu innan fagfélaga. **Gert**
- Þess verði gætt að allir hafi aðkomu að innleiðingunni, t.d. með reglulegum fundum með öllu starfsfólki skólans. **Gert**
- Unnið verður að útfærslu á kennsluháttum og nýjum leiðum í námsmati. **Gert**

Ábyrgð: Skólastjóri og yfirkennari.

**Námsframboð skólans verði aukið og reynt að höfða til breiðari námshóps.**

Leiðir:

- Í boði er námsbraut fyrir þá sem ekki ná viðmiðunarmarki til inngöngu í hefðbundnar námsbrautir VÍ, verslunar- og frumkvöðlabraut. **Ekki gert**
- Brautin er tveggja ára námsbraut sem lýkur með framhaldsskólaprófi. **Ekki gert**
- Allir áfangar á brautinni verða skrifaðir frá grunni til þess að mæta mismunandi námshæfileikum þeirra nemenda sem brautina velja. **Ekki gert**

Ákveðið

Ábyrgð: Skólastjóri.

## Kennsla

**Allir kennarar við skólann hafi kennsluréttindi.**

**Sí- og endurmenntunarstefna fyrir starfsmenn verði efl.**

Leiðir:

- Einungis verði ráðnir kennarar með tilskilin réttindi. **Gert**
- Þeir sem ekki hafa þegar réttindin eru í réttindanámi. **Gert**
- Skjalfesting sí – og endurmenntunarstefnu. **Gert. Sendur var póstur á kennara og þeir beðnir um óskir um endurmenntun og námskeið. Haldin voru námskeið einu sinni í mánuði.**

Ábyrgð: Skólastjóri.

**Gæði kennslu verði metin á hverju ári.**

Leiðir:

- Árlega verði gerð nemendakönnun sem allir nemendur skólans taka þátt í. **Gert**
- Skólastjórnendur ræða við hvern kennara og afhenda niðurstöður. **Gert**
- Heildarniðurstöður kynntar starfsmönnum og nemendum. **Niðurstöður voru kynntar kennurum, ekki nemendum.**
- Deildarstjóri í hverri deild heldur fund þar sem niðurstöður eru ræddar. **Þessu var ekki fylgt eftir.**

Ábyrgð: Skólastjóri og gæðastjóri.

**Skólinn verði framarlega í notkun tækni við kennslu/tölvustudda kennslu.**

Leiðir:

- Stuðla að betri þekkingu starfsfólks á möguleikum sem tæknin býður upp á. **Haldin voru örnámskeið að ósk kennara**
- Starfsfólk deili þekkingu sinni og reynslu með markvissum hætti. **Kennarar skólans sáu um miðlun á örnámskeiðum**
- Skólastjórnendur hvetji kennara til þess að prófa nýjar kennsluaðferðir með tölvustuddri kennslu. **Gert**
- Tól og tæki til tölvustuddrar kennslu séu ávallt aðgengileg fyrir kennara. **Kennarar voru hvattir til þess að koma með óskir um hugbúnað og tæki.**

## Nemendur

### Nemendum líður vel í skólanum

#### **Hlutfall nemenda sem líður vel/mjög vel í skólanum verði yfir 90% eftir haustkönnun árið 2014.**

##### Leiðir:

- Finna með viðtölum, rýnihópum o.fl. hvað veldur óánægju nemenda og taka markvisst á þeim atriðum sem koma fram. Ábyrð: Yfirkennari. **Ekki gert**
- Hagsmunaráð verði virkur þátttakandi í að bæta líðan nemenda, t.d. með öflugri upplýsingagjöf á milli stjórnenda skólans og nemenda. Ábyrð: NFVÍ. **Gert. Haldnir voru fundir með nemendum og skólastjórnendum á sal.**
- Móttaka nýnema verði jákvæð upplifun fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans. **Unnið er markvisst með stjórn nemendafélagsins um móttöku nýnema. Nýnemar fá sérstaka kynningu á skólanum strax á öðrum degi.**
- Skólaráð ræði markvisst um leiðir að bættri líðan nemenda í skólanum. Ábyrgð: Skólaráð.
- Eineltisteymi verði starfrækt og starf þess sé sýnilegt. Eineltisáætlun sé virk. Ábyrgð: Námsráðgjafar. **Aðeins einn fundur var haldinn í eineltisteymi.**
- Skilvirkur farvegur verði fyrir athugasemdir frá nemendum. Umsjónarkennarar og námsráðgjafar eru talsmenn nemenda.

Ábyrgð: Skólastjóri og yfirkennari

#### **Skólinn skapi umhverfi sem stuðlar að heilbrigðu líferni.**

##### Leiðir

- Skólinn sé virkur þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

- Lögð verður sérstök áhersla á lífstíl veturinn 2014-2015. Meðal annars verða sérstakir dagar helgaðir áttakinu. **Gert. Fengnir voru fyrirlesarar á sal og dagar helgaðir áttakinu voru einu sinni í mánuði.**
- Stýrihópur verði virkur í framkvæmd áttaksins. **Gert**
- Heilsustefna skólans verði skjalfest. **Ekki gert**

Ábyrgð: Yfirkennari ásamt stýrihópi.

## Stjórnun

### Stefna stjórnar skólans sé sýnileg og endurspeglis í starfi skólans

#### Upplýsingastreymi til og frá stjórnendum sé gott.

##### Leiðir:

- Fundir stjórnenda með deildarstjórum eru haldnir að minnsta kosti tvisvar á önn. Fundargerðir skráðar. **Gert**
- Fundir skólaráðs verði haldnir að lágmarki einu sinni á önn og fundargerðir vistaðar á innra neti skólans. **Engir fundir haldnir**
- Skólastjóri ræðir við alla kennara um niðurstöður hvefarr nemendakönnunar. **Gert**
- Skólastjórnendur hafi yfirsýn yfir stöðu bekkja, t.d. námslega og vinnuanda. Niðurstöður miðannarmats, lokaprófa og símats skoðaðar fyrir hvern bekk. Fundir haldnir með kennurum/umsjónarkennara eftir þörfum. **Gert**
- Umsjónarkennarar fá niðurstöður miðannarmats. **Gert**
- Upplýsingaskjár í matsal starfsmanna verði markvisst notaður. **Gert**

Ábyrgð: Skólastjóri og yfirkennari.

#### Skólastjórnendur hafa upplýsingar um viðhorf starfsmanna til skólans, stjórnenda og skólans sem vinnustaðar.

##### Leiðir:

- Skólastjóri ræðir við alla kennara að lokinni nemendakönnun. Í þeim viðtölum hafa kennarar tækifæri til að ræða málefni skólans við skólastjóra á formlegan hátt. Ábyrgð: Skólastjóri. **Gert**
- Gerð verði könnun meðal starfsfólks um innra starf skólans þriðja til fjórða hvert ár. Fingnir eru utanaðkomandi aðilar til verksins. Næst veturinn 2015 - 2016.

Ábyrgð: Skólastjóri.

#### Jafnréttisáætlun sé virk og eftir henni farið.

##### Leiðir:

- Jafnréttisáætlun sé rædd á öðrum starfsmannafundi hvers hausts. Ábyrgð: Yfirkennari. **Gert**
- Allir nemendur skólans fá fræðslu um jafnréttis- og kynjafræði. **Ekki gert en boðið er upp á slíka fræðslu sem valfag.**
- Nemendafélag skólans, NFVÍ, setji sér jafnréttisáætlun veturinn 2014-2015. **Gert.**

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

## Starfsfólk

### Stutt er við góðan starfsanda í Verzlunarskóla Íslands

- Boðið upp á líkamsrækt og yoga fyrir starfsfólk skólans. **Gert**
- Ávextir í boði seinnipart dags. **Gert**
- Starfsmannafélagið stutt í öflugum starfi. **Gert**
- Starfsmannastefna verði skjalfest. **Starfsmannastefna var ekki uppfærð**

## Fjármál

### Verzlunarskólinn verði rekinn hallalaust ár hvert.

- Áætlanir gerðar í samræmi við væntar tekjur. **Gert**  
Ábyrgð: Skólastjóri.

## Próf

### Efla nákvæmni við yfirsetur og draga úr tilfellum um svindl.

- Efla starfsfólk við yfirsetur með því að gera öllum kyrfilega grein fyrir því í hverju starf þeirra felst. **Gert**
- Prófstjóri sendir samantekt eftir hvern prófdag og greinir frá því hvernig prófahald gekk fyrir sig. **Gert**

Ábyrgð: Prófstjóri.

### Efla eftirvinnu prófagagna í deildum og vinna með niðurstöður prófa.

- Allar deildir senda skriflegar niðurstöður um prófahald deildar til yfirkennara. **Ekki gert í öllum deildum**
- Allar deildir setji sér markmið um komandi starf í deildinni í þessum skýrslum. **Ekki fylgt eftir.**

Ábyrgð: Deildarstjórar og yfirkennari.

## Fjarnám

- Að allir áfangar sem verða teknir til kennslu í samræmi við nýtt skólaskipulag, verði tilbúnir til fjarkennslu eigi síðar en á næstu önn eftir að þeir verða teknir til kennslu í dagskóla.

Ábyrgð: Fjarnámsstjóri

- Hlutfall fjarnemenda sem tekur próf verði orðið 80% í síðasta lagi í maí 2015.

Leiðir:

- Innritun nemenda verði stjórnað þannig að hver nemandi innriti sig í skynsamlegan fjölda áfanga.
- Kennarar hvetji nemendur áfram með markvissum hætti, bæði til námsins yfir önnina og einnig til þess að taka próf.
- Fjarnámsstjóri sendi nemendum reglulega orðsendingar til hvatningar áfram í náminu.
- Námsráðgjafar styðji við fjarnemendur sem eiga erfitt með að einbeita sér að námi, t.d. með því að:
  - Styðja við nemendur VÍ sem af einhverjum ástæðum þurfa að taka fjarnám.
  - Bjóða fjarnemendum uppá námskeið þar sem fjallað er um námstækni og prófkvíða. Einkum elsta aldurshópnum sem mætir verst í próf.
- Áfangastjóri meti gögn frá fyrra námi nemenda og aðstoði þá við að setja sér markmið varðandi námslok.

Ábyrgð: Fjarnámsstjóri

- Hafist verði handa við að skrifa gæðaviðmið fyrir fjarnámsáfanga, fjarkennslu og fjarnámið í heild sinni. Lokið á vorönn 2015.

Ábyrgð: Fjarnámsstjóri og skólastjóri

## Sjálfsmat

- Efla innra mat. Skilgreina mælikvarða, bæta kynningu á niðurstöðum og eftirfylgni.

Leiðir:

- Stofna sjálfsmatshóp með 4 – 5 starfsmönnum og einum úr hópi skólastjórnenda. **Gert**
- Koma á fót formlegu matsferli með skammtímamarkmiðum og langtímamarkmiðum. **Ekki fylgt eftir.**



## Viðauki 4

### Gæðakönnun janúar 2015

Samantekt þessi byggir á gæðakönnunum sem lagðar voru fyrir alla starfsmenn skólans og alla nemendur í janúar 2015.

Gæðateymi skólans ákvað að taka til skoðunar nokkra afmarkaða þætti skólaárið 2014 - 2015. Svára var leitað við nokkrum spurningum sem lutu að kennslukönnunum sem nemendur svára á hverju ári. Einnig voru starfsmenn beðnir um að meta hvernig tekist hefði til með innleiðingarferlið fyrir þriggja ára námið. Þar að auki var spurt um tölvustudda kennslu í 3. og 4. bekk. Þar voru bæði nemendur og kennarar spurðir. Að auki voru bæði nemendur og starfsmenn spurðir um hvað þeim þætti um aðbúnað og vinnuaðstöðu í skólanum.

- I. Matsspurningar sem sneru að kennslukönnun voru þrjár:

Matsáætlun - kennslukönnun				
Matsspurningar	Upplýsingar	Hvaðan fást þær?	Greining	Túlkun - viðmið
Hefur ánægja nemenda með einstaka áfanga aukist eða minnkað?	Viðhorf nemenda	Nemendur	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott, 80 - 85% starfhæft, < 80% aðgerðir
Hafa deildir breytt einhverju með tilliti til niðurstaðna?		Nemendur, deildarstj. áfangalýs.	Töluleg greining	Að óánægðum nem. hafi fækkað um helming
Vinna skólastjórnendur nægilega vel úr niðurstöðum einstakra kennara?	Viðhorf kennara	Kennarar	Töluleg greining	Ánægðir > 80% gott, 70 - 80% starfhæft, < 70% aðgerðir

Þegar bornar eru saman einkunnir sem bekkir gefa áföngum úr könnunum vorið 2012, vorið 2014 og haustið 2014 er ekki hægt að sjá marktækan mun á þeim. Þó sést að nemendur eru almennt ánægðari í 3. bekk en á síðari ár

Lítill munur er á milli kannanna þegar skoðaðir eru einstakir áfangar. Stöku atriði hafa þó breyst, má þar nefna til dæmis bókfærsluna, þar má sjá mun á því hvað nemendum finnst um agann í kennslustundum. Ánægja með enskukennslu í skólanum hefur heldur verið á uppleið en þó nokkuð sveiflukennnd. Of margir nemendur eru enn þeirrar skoðunar að íslenskan sé ekki mikilvæg. Nokkur óánægja er einnig með hversu mikið eða lítið þeim finnst þau læra í áfanganum. Um 20% nemenda í þessum þremur könnunum telur sig ekki læra mikið í raungreinaáföngunum, sem er nokkuð hátt hlutfall. Örlítið hefur dregið úr skoðun nemenda á mikilvægi stærðfræðinnar þó enn þyki ríflega 55% hún afar mikilvæg. Það er greinilegt að eftir því sem þau eldast finnst þeim stærðfræðin minna mikilvæg. Þeim þykir vinnan í áföngunum þó mikil almennt. 20% nemenda finnst kennarinn ekki skýra námsefnið nægilega vel, ef til vill þyrfti að skoða það. Sama hlutfall er þegar spurt er um kennsluna í erlendum tungumálum. Ekki er gott að segja hve mikil áhrif það hefur á svör nemenda um erlendu tungumálin að í 3. bekk er aðeins um dönsku að ræða en í öðrum bekkjum er hinsvegar spurt um þýsku, frönsku eða spænsku. Mjög ítarlegur samanburður er til á erlendu málunum þar sem greint er

á milli þessara mála og áhugavert að skoða hann einkum í ljósi vinsælda einstakra tungumála á kostnað annarra. Lítillega hefur dregið úr mikilvægi viðskiptagreina í augum nemenda. Kannski er rétt að skoða það í ljósi þess hvers konar skóli Verzlunarskólinn er og að allir nemendur taka ákveðinn fjölda viðskiptagreina. Einnig hefur óánægja nemenda með námsgögn aukist örlítið milli ára.

Hér er einungis tæpt á þeim atriðum sem stungu helst í augun við fyrstu skoðun. Rétt væri að bera ýmsar spurningar sem kvikna við lesturinn, undir deildarstjóra og kennara viðkomandi deilda. Má þar nefna til hvaða bragðs deildir hyggjast grípa sem koma ekki koma nægilega vel út, eins og til dæmis íslenskan sem berst við þá hugmynd nemenda að hún sé ekki mikilvæg grein.

Kennarar voru spurðir um hvort nægilega vel væri unnið úr niðurstöðum sem þeir fá. 16% svöruðu þeirri spurningu neitandi og 29% sögðu hvorki né. Miðað við viðmiðið sem gæðateymið setti sér þar má segja að aðgerða sé þörf þar.

II. Matsspurningar sem sneru að innleiðingarferlinu voru tvær:

<b>Matsáætlun - innleiðing</b>				
<b>Matsspurningar</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Hvaðan fást þær?</b>	<b>Greining</b>	<b>Túlkun - viðmið</b>
Finnst starfsfólki að það eigi þátt í innleiðingarverkefninu?	Viðhorf starfsfólks	Starfsfólki	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott, 80 - 85% starfhæft, < 80% aðgerðir
Finnst starfsfólki að þeirra raddir heyrist?	Viðhorf starfsfólks	Starfsfólki	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott, 80 - 85% starfhæft, < 80% aðgerðir

66% þeirra kennara sem svöruðu könnuninni tóku þátt í innleiðingarferlinu. 58% þeirra fannst þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri en 16% ekki. 26% svöruðu spurningunni með hvorki né. 13% töldu skólastjórn ekki hafa unnið eðlilega úr framlagi starfsmanna. 48% sögðu já og 39% hvorki né. Sumum þóttu hópstjórar of stýrandi í vinnunni og nokkrir voru ósáttir við röð verkþátta.

III. Matsspurningar sem sneru að tölvustuddri kennslu vour fjórar:

<b>Matsáætlun - tölvustudd kennsla</b>				
<b>Matsspurningar</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Hvaðan fást þær?</b>	<b>Greining</b>	<b>Túlkun - viðmið</b>
Hefur orðið breyting á kennsluháttum í þeim árgöngum sem mest áhersla er lögð á tölvustudda kennslu?	Viðhorf kennara	Í áfangalýsingum og námsmati	Töluleg greining	
Eru nemendur ánægðir með fyrirkomulagið?	Viðhorf nemenda	Frá nemendum	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott 80 - 85% starfhæft <80% aðgerðir
Eru kennarar ánægðir með fyrirkomulagið?	Viðhorf kennara	Frá kennurum	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott 80 - 85% starfhæft <80% aðgerðir
Skilar tölvustudd kennsla betri árangri?	Viðhorf kennara	Með samanburði og viðtölum	Töluleg greining	

Þegar bornar eru saman náms- og kennsluáætlanir í 3. og 4. bekk undanfarinna missera má sjá að þeim áföngum sem vísa annaðhvort í Moodle eða á upplýsingaleit eða aðra notkun netsins, með formlegum hætti, hefur fjölgað. Haustið 2012 eru það um 45% áfanga en haustið 2014 eru það tæp 69% áfanga sem taka það fram í námsáætlunum að þeir styðjist við Moodle eða annarskonar tölvustudda kennslu.

Þegar nemendur eru spurðir um um viðhorf sitt til tölvustuddrar kennslu má sjá að meirihluti þeirra er jákvæður í hennar garð. Margir eru jafnvel á því að það mætti nýta tölvurnar enn meira og betur. Nemendur nefna til að mynda að meira námsefni mætti vera rafrænt en einnig að draga mætti úr ljósritun sem væri umhverfisvænt. Slíkt mundi tvímælalaust styðja við þá ætlun skólans að verða Grænfánaskóli. 55% nemenda telja sig sína sjálfstæðari vinnubrögð ef þeir vinna á tölvu.

Kennarar nýta tölvur líka vel, 82% kennara segjast biðja nemendur um að opna tölvurnar oftast en tvisvar í viku og um 70% kennara hafa breytt kennsluháttum sínum í 3. og 4. bekk, 76% kennara nota Moodle í bekkjunum. Ekki eru allir á því að tölvur geri námið endilega innihaldsríkara eða aðeins 40% aðspurðra en 67% þeirra telja felast vinnusparnað í tölvustuddri kennslu.

Bæði nemendur og kennarar kvarta þó undan skólanetinu. 70% kennara segja að það komi reglulega upp vandamál við að tengjast því og 68% nemenda. Nemendur segja þó að það hafi heldur batnað að undanfögnu.

IV. Matsspurningar um aðbúnað voru þrjár:

<b>Matsáætlun - aðbúnaður</b>				
<b>Matsspurningar</b>	<b>Upplýsingar</b>	<b>Hvaðan fást þær?</b>	<b>Greining</b>	<b>Túlkun - viðmið</b>
Eru kennarar / starfsmenn ánægðir með vinnuaðstöðu sína?	Viðhorf starfsfólks	Hjá starfsfólki	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott 80 - 85% starfhæft <80% aðgerðir
Eru nemendur ánægðir með vinnuaðstöðu sína?	Viðhorf nemenda	Hjá nemendum	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott 80 - 85% starfhæft <80% aðgerðir
Er stoðþjónustan sem veitt er, fullnægjandi?	Viðhorf nemenda og starfsfólki	Hjá nemendum og starfsfólki	Töluleg greining	Ánægðir > 85% gott 80 - 85% starfhæft <80% aðgerðir

Almennir starfsmenn eru í miklum meirihluta ánægðir með með vinnuaðstöðuna sem þeim er boðið upp á eða 79% og 21% segir hvorki né. Fram kom hugmynd um að Matbúð fengi spjaldtölvu til afnota. Almennt má segja að starfsmenn hafi verið ánægðir með allt sem spurt var um. Má til dæmis nefna að allir voru ánægðir með þjónustu bókasafnsins og allir töldu sig hafa nægan aðgang að þeim tólum og tækjum sem þeir þarlast við störf sín.

Í hópi kennara voru 80% ánægð með vinnuaðstöðu sína. Flestir nefndu að það vantaði fleiri tölvur í vinnuherbergin og einnig að það þyrfti að vera hægt að prenta út af fartölvum. 91% lýsti yfir ánægju með bókasafnið en heldur færri eða 60% með þjónustu námsráðgjafa en þar voru að auki 33% hlutlaus. Almenn ánægja var líka með þjónustu skrifstofunnar eða 95% en 16% kvarta undan ljósritunaraðstöðunni.

Nemendur eru almennt ánægðir með vinnuaðstöðu þá sem þeim er boðið upp á, þó færri í 5. og 6. bekk eða 76% gegn 86% nemenda í 3. og 4. bekk. Helsta umkvörtunarefni nemenda í öllum árgöngum eru húsgögnin, þau henti illa, sérstaklega hávöxnu fólki. En einnig finnst þeim vanta fleiri tölvur og fleiri prentara fyrir nemendur. Yfir 92% allra nemenda eru ánægð með þjónustu bókasafnsins. 78% nemenda eru ánægð með þjónustu námsráðgjafa. 20% eru hlutlaus. Eldri bekkingar benda á að háskólakynningar þyrftu að fara fram fyrr, ekki á síðustu önninni. 79% eru ánægð með þjónustu skrifstofunnar. Tæp 4% kvarta undan viðmóti í móttökunni en það er helsta umkvörtunarefnið.

Sé horft á heildina má segja að bæði starfsfólk og nemendur séu ánægð. Þó er rétt að benda á að mjög víða eru svörin á starfhæfu bili en ekki meira en það sé horft á þau viðmið sem gæðateymið setti.

## VERK- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2014 – 2015

0=ekki gert eða ófullnægjandi

	Ábyrgð	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí
Endurskoðun á skipulagi skólans	Skólastjóri					V					
Útfærsla á kennsluháttum og námsmati	Skólastjóri	V	V	V	V	V	V	V	V	V	
Sí- og endurmenntunarstefna skjalfest	Gæðastjóri		0								
Skjalfesta verklagsreglur <sup>1</sup>	Gæðastjóri			V	0						
Starfsmannaviðtöl eftir nemendakönnun	Skólastjórnendur				0	0					
Kynning á nemendakönnun	Yfirkennari						V				
Skólaráð endurvakið	Skólastjóri			0							
Fundir skólaráðs	Skólastjóri			0					0		
Heilsueflandi framhaldsskóli – Lífsstíll	Námsráðgjafar	V	V	V	V		V	V	V	V	
Skjalfesta umhverfis-, heilsu- og starfsmannastefnu	Skólastjóri							0			
Jafnréttisáætlun endurskoðuð	Yfirk/skólastjóri		V								
Mætingarkerfi endurskoðað	Yfirkennari		0								
Fundir deildarstjóra og yfirkennara - skráning	Yfirkennari	V			V		V			V	
NFVÍ setji sér jafnréttisáætlun	Yfirk/skólastjóri			V							
Skýrslur um prófadaga sendar út	Prófstjóri					V					V
Stofna sjálfsmatshóp	Skólastjóri			V							
Efla innra mat	Gæðastjóri		V	V	V	V	V	V	0	0	0
Snagar og klukkur í kennslustofur – eftirfylgni	Skólastjóri			V							
Nýjar áfangalýsingar og áfangar fyrir fjarnám	Fjarnámsstjóri										0
Gæðaviðmið sett fyrir fjarnám	Fjarnámsstjóri										0

<sup>1</sup> Vegna móttöku nýrra starfsmanna, mætingaskráninga, foreldrafunda, agabrota, athugasemda nemenda o.fl.

## Viðauki 5

### VERK- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2015 – 2016

	Ábyrgð	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apríl	maí
Endurskoðun skólanámskrár skv. lögum frá 2008.		X									
Endurskoðun á 1 ári í 3. ára kerfinu	Skólastjóri						X				X
Efla fræðslu um nýjar leiðir í kennsluháttum og námsmati	Yfirkennari		X	X	X	X	X	X	X	X	X
Sí- og endurmenntunarstefna skjalfest	Gæðastjóri				X						
Skjalfesta verklagsreglur <sup>2</sup>	Gæðastjóri		X								
Starfsmannaviðtöl eftir nemendakönnun	Skólastjórnenndur									X	X
Kynning á nemendakönnun	Yfirkennari				X						X
Skólaráð endurvakið	Skólastjóri			X							
Fundir skólaráðs	Skólastjóri			X					X		
Heilsuefandi framhaldsskóli – Næring	Námsráðgjafar	X	X	X	X		X	X	X	X	
Skjalfesta umhverfis-, heilsu- og starfsmannastefnu	Skólastjóri	X	X								
Jafnréttisáætlun endurskoðuð	Yfirk/skólastjóri		X								
Mætingakerfi endurskoðað	Yfirkennari	X									
Kennsla á INNU	Yfirkennari	X	X								
Skýrslur um prófadaga sendar út	Prófstjóri					X					X
Stofna sjálfsmatshóp	Skólastjóri		X								
Heildarendurskoðun á innra mati skólans	Gæðastjóri	X	X	X			X	X			X
Nýjar áfangalýsingar og áfangar fyrir fjarnám	Fjarnámsstjóri						X				
Gæðaviðmið sett fyrir fjarnám	Fjarnámsstjóri							X			

<sup>2</sup> Vegna móttöku nýrra starfsmanna, mætingaskráninga, foreldrafunda, agabrota, athugasemda nemenda o.fl.